



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 24. apríl 2024

24041168/005.05 AKG

Efni: Svar við fyrirspurn um starfshætti yfirkjörstjórnar Kópavogs

Á fundi bæjarráðs þann 11. apríl sl. var lögð fram fyrirspurn þar sem óskað var eftir upplýsingum um starfshætti yfirkjörstjórnar Kópavogs, hvernig aðgengi varafulltrúa að gögnum og fundargerðum væri háttað og hvort til staðar væru starfsreglur kjörstjórnar. Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til bæjarritara.

Kjörstjórnir eru staðbundin stjórnvöld sem annast framkvæmd kosninga í kjördæmum og sveitarfélögum skv. nánari fyrirmælum kosningalaga nr. 112/2021. Yfirkjörstjórnir sveitarfélaga starfa á grundvelli kosningalaga og hafa skv. 17. gr. þeirra umsjón með framkvæmd kosninga hver í sínu sveitarfélagi. Þær eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Ekki er um fastanefnd sveitarfélags að ræða skv. sveitarstjórnarlögum, af því leiðir m.a. að ákvæði sveitarstjórnarlaga með formreglum um boðun funda, birtingu þeirra, tímafresti, útsendingu gagna með fundarboði o.fl. eiga ekki við.

Samkvæmt 20. gr. kosningalaga skal yfirkjörstjórn bóka gerðir sínar skv. kosningalögum í löggilta gerðarbók yfirkjörstjórnar. Samkvæmt 4. gr. reglna um gerðarbækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023 skulu yfirkjörstjórnir halda fundargerðir sem ritaðar eru eða færðar í löggilta gerðarbók hennar. Í lok hvers fundar hjá yfirkjörstjórn í Kópavogi sendir ritari fundargerð til yfirlstrar á þá sem sátu viðkomandi fund til samþykktar og að fengnu samþykki færir starfsmaður kjörstjórnar fundargerðina í gerðarbók yfirkjörstjórnar. Þegar varamenn sitja fundi fá þeir fundargerðina senda að afloknum fundi til samþykktar. Sé aukin áhugi á fundargerðum yfirkjörstjórnar er ekkert því til fyrirstöðu að afrit þeirra verði jafnframt sent á varamenn sé eftir því óskað.

Hvað varðar starfshætti og starfsreglur yfirkjörstjórnar þá starfar yfirkjörstjórn í Kópavogi eftir útgefnum verkferlum í gæðakerfi Kópavogsbæjar. Í þeim er ítarlega farið yfir undirbúninginn sem á sér stað í aðdraganda kosninga en einnig hvernig fyrirkomulag er á kjördag sjálfan. Yfirkjörstjórn heyrir undir landskjörstjórn sem getur gefið kjörstjórnnum almenn fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd kosninga svo og birt fyrirmæli sín í Stjórnartíðindum, sbr. 5. mgr. 14. gr. kosningalaga. Aðeins er mælt fyrir um að landskjörstjórn skuli setja sér starfsreglur í kosningalögum og gefur hún m.a. út leiðbeiningar sem eru sérstaklega hugsaðar fyrir yfirkjörstjórnir sveitarfélaga og verkefni þeirra. Að því sögðu eru ákvæði kosningalaga ítarleg um framkvæmd kosninga og hlutverk kjörstjórna og fjöldinn allur af reglum og reglugerðum sem hafa verið settar á grundvelli laganna eru hvoru tveggja mjög skýr um hvar og hvernig yfirkjörstjórn ber að rækja þau störf sem henni eru falin.

Virðingarfyllt,

Anna Kristín Guðmundsdóttir
Lögfræðingur

